Fimleikadeild Keflavíkur
Stofnuð 1985

Fjöldi iðkenda í fimleikum

Um 500 börn frá tveggja ára aldri til 18 ára stunduðu fimleika, bæði áhalda-og hópfimleika hjá deildinni árið 2020

Mót og sýningar

- **Innanfélagsmót Fimleikadeildar Keflavíkur**
- Hefðbundin innanfélagsmót voru ekki haldin vegna veirunnar. Haldið var keyrslumót hjá hópfimleikum þar sem gert var upp árið og veittar viðurkenningar. Einnig voru veittar viðurkenningar til þeirra sem náðu þrepinu í áhaldafimleikum á keppnisárinu 2019-2020. Yngstu hóparnir okkar buðu foreldrum að koma og horfa á keppnisæfingarnar sínar og fengu viðurkenningu að launum.
- **Möggumót Keflavíkur**
  Hið árlega Möggumót var haldið í febrúar 2020 þar sem keppt var í 4. 5. 5. létt og 6. þrepi stúlkna sem ekki höfðu sótt FSÍ mót og var það vel sótt.
- **Ponsu og Pæjumót-** Féll niður vegna veirunnar
- **Jólasýning**- Féll niður vegna veirunnar
- **Fimleikadeild Keflavíkur getur ekki haldið mót á vegum FSÍ sökum þess að húsið er ekki löglegt keppnishús.**

Fimleikakona og maður Reykjanes-bæjar 2020

- **Emma Jónsdóttir var valin fimleikakona Keflavíkur** og Reykjanesbæjar. Emma var valin í landslið blandaðra liða unglinga hópfimleikum. Hún er mikil fyrirmynd yngri iðkenda í félaginu, dugleg og metnaðarfull. Hún er mikill leiðtogi og hvetur lið sitt ávalt til dáða. Einnig er hún komin inn sem þjálfari hjá deildinni og á hún bjarta framtíð á því sviði.
-
- **Heiðar Geir Hallsson var valinn fimleikamaður Keflavíkur** og Reykjanesbæjar. Heiðar Geir hefur mikinn metnað fyrir fimleikum, duglegur, samviskusamur og er mikill liðsmaður. Hann er kominn lengst karla hjá deildinni í Íslenska fimleikastiganum.

Fimleikadeild Keflavíkur býður uppá æfingar fyrir börn með sérþarfir

- **Fimleikadeild Keflavíkur bauð upp á hóp fyrir börn með sérþarfir í byrjun mars 2020 og var þetta nýtt verkefni á hjá deildinni.**
- Í þessum tímum er lögð áhersla á að börnin fái góða hreyfingu, fái þjálfun í gróf- og fínhreyfingum sem og félagslegri þjálfun. Allir tímarnir eru uppsettir eins eða með upphafi, miðju og endi. Við nýtum salinn vel, sem og ýmsa skynjunarhluti.
- Í hópnum eru skráð 15 börn á aldrinum 4-8 ára bæði stelpur og strákar.
- **Yfirþjálfari hópsins er Linda Hlín Heiðarsdóttir** og með henni er flottur hópur af aðstoðarþjálfurum, en það eru iðkendur í deildinni.

Fimleikahópar og fjölbreytt starfsemi

- Í fimleikaakademíunni eru um 28 hópar eru að stunda fimleika, bæði drengir og stúlkur og má þar nefna, áhaldafimleika, hópfimleika, krílahópar, ponsu og pæjuhópar, fimleikar fyrir börn með sérþarfir
- Í sumar 2021 verður boðið upp á fjölmörg námskeið eins og fimleikar fyrir alla og sumarfrístund fyrir börn á yngsta stigi
- Fimleikadeild Keflavíkur stefnir á að hefja fimleika á fleiri en einum stað í bænum og bjóða upp á fleiri fimleikahópa fyrir börn á öllum aldri í íþróttahúsum bæjarins eða öðrum hverfum

Fimleikar – góð íþrótt fyrir alla-lýðheilsa í heilsueflandi samfélagi

- Fáar íþróttir reyna meira á fjölhæfni mannslíkamans en fimleikar.
- Í fimleikum reynir á styrk, jafnvægi og samhæfingu líkamans og því er fimleikaþjálfun fjölþættari en þjálfun margra annarra íþróttagreina.
- Fimleika er hægt að stunda sem einstaklingsíþrótt og einnig sem liðsíþrótt
- Leggjum áherslu á að öll börn hafi tækifæri á að stunda fimleika

Húsnæði og aðstaða

- Íþróttaakademían er ekki löglegt keppnishús svo fimleikadeild Keflavíkur getur ekki aukið tekjur deildarinnar með mótagjöldum
- Mikilvægt er að viðhalda húsnæðinu vel og fara reglulega yfir öll rými varðandi viðhald
- Þrif eru mjög mikilvæg, gátlisti þarf að vera fyrir starfsmenn eða húsverði sem sjá um þrif á húsinu
- Þjálfarar láta stjórn vita og stjórn hefur samband við umsjónarmann fasteigna eða íþrótta-og tómstundafulltrúa bæjarins ef húsið þarfnast viðhalds

Starfssemi og stjórn fimleikadeildar

- Stjórn fimleikadeildarinnar er skipuð fimm aðalmönnum og fjórum varamönnum
- Rekstrarstjóri deildarinnar er í 50 % starfi
- Þjálfarar deildarinnar eru um 20 árið 2020
- Sumarstarfsfólk er frá Reykjanesbæ úr vinnuskólanum

Markmið stjórnar 2021-2022

- Bjóða upp á fimleika á tveimur stöðum í Reykjanesbæ, bærinn er að stækka og mikilvægt er að koma til móts við barnafjölskyldur
- Styrkja hópefli meðal allra iðkenda og hópa
- Fjölga iðkendum haustið 2021
- Styrkja þjálfarateymið
- Bæta húsnæðið og nýta öll rými í húsinu
- Bæta fjárhag deildarinnar
- Fjölga styrktaraðilum

Verkefni sem eru áríðandi árið 2021

- Endurnýja og bæta áhöld í fimleikasalnum
- Fimleikadeildin er mjög þakklát Reykjanesbæ fyrir ný áhöld sem eru að koma í hús á næstu vikum
- Fjölga iðkendum haustið 2021
- Efla rekstur deildarinnar
- Stækka bílastæði fyrir utan Akademíuna til að auka öryggi barna

Styrkir til fimleikadeildar Keflavíkur

- Reykjanesbær hefur verið stærsti styrktaraðili fimleikadeildarinnar og fyrir það erum við þakklát
- Nokkur fyrirtæki í Reykjanesbæ hafa verið styrktaraðilar og erum við þakklát þeim fyrir að styðja við deildina
- Nettó
- Omnis
- Fleiri fyrirtæki eru að bætast í hópinn núna á nýju ári 2021 og deildin þakkar fyrir stuðninginn

Breyttar áherslur á allt samfélagið og fleiri hverfi í bænum

- Mikilvægt er að fjárfesta í hópfimleikagólfi (keppnis og æfingagólf) 14x16m. Þessa dýnu er hægt er að hafa í hvaða íþróttahúsi sem er. Stjórnin leggur til að hefja æfingar í íþróttahúsinu við Háleitisskóla á Ásbrú veturinn 2021 og breyta svo til og hefja æfingar í nýja íþróttahúsi í Stapaskóla haustið 2022. Gólfið verður nýtt undir allar dansæfingar fyrir hópfimleikahópana og einnig fyrir fimleikaæfingar fyrir yngstu hópana sem fimleikadeildin ætlar að bjóða upp á í nýju hverfi.
- Auðvelt er að rúlla gólfinu upp og geyma í áhaldageymslu.

Fimleikadeild Keflavíkur

Takk fyrir